

4.–6. málsl. 4. mgr. og 5. mgr. 2. gr. og 4.–6. másl. 5. mgr. og 6. mgr. 31. gr. koma til framkvæmda 1. september 2004.

A-liður 10. gr., 16. gr., 4. og 5. mgr. 19. gr. og a-liður (21. gr.) 29. gr. koma til framkvæmda 1. janúar 2004.

Bótafjárhæðir og tekjumörk í krónutölum, sem tilgreind eru í þeim greinum sem 2.–4. mgr. taka til, breytast í samræmi við breytingar á fjárhæðum bóta eða tekjumarka sem verða fram að gildistöku greinanna.

Gjört á Bessastöðum, 8. maí 2002.

Ólafur Ragnar Grímsson.

(L. S.)

Jón Kristjánsson.

LÖG

um breytingu á lögum nr. 62/1997, um heimild til samninga um álbræðslu á Grundartanga, með síðari breytingum.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Við 1. mgr. 1. gr. laganna bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Hlutfélaginu er heimilt að taka þátt í öðrum félögum eða með stofnun dótturfyrirtækja að fjárfesta í öðrum greinum atvinnurekstrar.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört á Bessastöðum, 8. maí 2002.

Ólafur Ragnar Grímsson.

(L. S.)

Valgerður Sverrisdóttir.